

Pann 14. júní síðastliðinn hlaut Strendingur ehf. - verkfræðipjónusta vottun á gæðastjórnunarkerfi sitt skv. ISO 9001 staðli. Fyrirtækið hefur unnið að því undanfarin ár að byggja kerfið upp en það nær til alhliða verkfræðipjónustu og ráðgjafar á sviði mannvirkjagerðar, reksturs mannvirkja, útboða og samningagerðar. Strendingur er 15 ára gamalt fyrirtæki og hjá því starfa 10 manns. Sjá nánar [heimasíðu félagsins](#) .

